

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/712**2018/EES/64/23****frá 20. apríl 2017**

um að ákvarða viðmiðunarár og áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn um manntal og húsnæðistal, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 frá 9. júlí 2008 um manntal og húsnæðistal⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin skal skilgreina viðmiðunarár skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008. Viðmiðunardagsetningin, sem hvert aðildarríki velur til að senda framkvæmdastjórninni gögn um manntal og húsnæðistal, ætti að vera á því ári.
- 2) Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn fyrir manntal og húsnæðistal sem senda skal til framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Áætlunin ætti að vera eins í öllum aðildarríkjunum til að tryggja að gögn um manntal og húsnæðistal frá þeim séu samanburðarhæf og að hægt sé að semja áreiðanlegt yfirlit sem tekur til Evrópusambandsins í heild.
- 4) Einkum er nauðsynlegt að skilgreina innihald, snið og uppbyggingu ofurteninga sem ættu að vera eins í öllum aðildarríkjum, sérstök gildi í gagnareit og flögg sem aðildarríki mega nota í þessum ofurteningum, sem og lýsigögn um efnisþættina.
- 5) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/542⁽²⁾ er mælt fyrir um tækniforskriftirnar fyrir efnisþætti og sundurlíðanir þeirra sem beita á við gögn sem send eru framkvæmdastjórninni fyrir viðmiðunarárið 2021.
- 6) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 105, 21.4.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 14.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543 frá 22. mars 2017 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 763/2008 um manntal og húsnæðistal, að því er varðar tækniforskriftir efnisþáttanna og sundurlíðanir þeirra (Stjttíð. ESB. L 78, 23.3.2017, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með reglugerð þessari er komið á fót áætlun um hagskýrslugögn og lýsigögn fyrir manntal og húsnæðistal sem senda á til framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir viðmiðunarárið 2021.

2. gr.

Skilgreiningar

Skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 763/2008, og nákvæmu skilgreiningarnar sem koma fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/543, skulu gilda. Einnig gilda eftirfarandi skilgreiningar að því er varðar þessa reglugerð:

- 1) „heildarmannfjöldi“ á vel skilgreindu landsvæði: allir einstaklingar sem hafa fasta búsetu, eins og hún er skilgreind í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008, á því landsvæði,
- 2) „ofurteningur“: margvitt töflupversnið sundurliðana sem hefur gildi í gagnareit fyrir mælingar í einstökum flokki hverrar sundurliðunar og er sett í töflupversnið við hvern flokk allra annarra sundurliðana sem notaðar eru í þeim ofurteningi,
- 3) „gildi í gagnareit“: upplýsingar sem veittar eru í gagnareit á ofurteningi. Gildi í gagnareit getur annaðhvort verið „tölugildi í gagnareit“ eða „sérstakt gildi í gagnareit“,
- 4) „tölugildi í gagnareit“: tölugildi sem skráð er í gagnareit til að veita tölfræðilegar upplýsingar um athuganir fyrir þann gagnareit,
- 5) „trúnaðargildi í gagnareit“: tölugildi í gagnareit sem ekki má ljóstra upp til að vernda trúnaðarkvöð á gögnum í hagskýrslum samkvæmt varúðarráðstöfunum aðildarríkjanna gegn uppljóstrun tölfræðilegra gagna,
- 6) „án trúnaðargildis í gagnareit“: tölugildi í gagnareit sem ekki hefur trúnaðargildi,
- 7) „óáreiðanlegt gildi í gagnareit“: tölugildi í gagnareit sem er óáreiðanlegt samkvæmt gæðaeftirliti aðildarríkjanna,
- 8) „sérstakt gildi í gagnareit“: tákni sem er sett í gagnareit ofurtenings í staðinn fyrir tölugildi,
- 9) „flagg“: kóði sem fylgt getur tilteknu gildi í gagnareit til að lýsa sérstökum einkennum gildisins í þeim gagnareit.

3. gr.

Viðmiðunardagsetning

Hvert aðildarríki skal ákvarða viðmiðunardagsetningu á árinu 2021 fyrir manntals- og húsnæðistalsgögn sem afhenda á framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins). Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins) eigi síðar en 31. desember 2019 um viðmiðunardagsetninguna sem þau hafa valið.

4. gr.

Áætlun um hagskýrslugögn

1. Áætlun um hagskýrslugögn sem senda á framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) fyrir viðmiðunarárið 2021 skal samanstanda af ofurteningunum sem skráðir eru í I. viðauka.

2. Aðildarríki skulu aðeins nota sérstaka gildið „á ekki við“ í gagnareit í eftirtöldum tilvikum:
 - a) vísi gagnareitur til flokksins „á ekki við“ í a.m.k. einni sundurliðun eða
 - b) ef lýst er í gagnareit athugun sem er ekki til staðar í aðildarríkinu.
3. Aðildarríki skulu setja sérstaka gildið „ekki fyrir hendi“ í staðinn fyrir öll trúnaðargildi í gagnareit.
4. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) skal, að beiðni aðildarríkis, láta hjá líða að birta opinberlega sérhvert óáreiðanlegt gildi í gagnareit sem það aðildarríki hefur afhent henni.

5. gr.

Lýsigögn um gildi í gagnareitum

1. Þegar við á skulu aðildarríkin bæta eftirtöldum flöggum í gagnareit á ofurteningi:
 - a) „trúnaðargildi“,
 - b) „óáreiðanlegt“,
 - c) „endurskoðað eftir fyrstu gagnasendingu“,
 - d) „sjá meðfylgjandi upplýsingar“.
2. Merkja skal alla gagnareiti, þar sem sérstaka gildið „ekki fyrir hendi“ hefur verið sett í staðinn fyrir trúnaðargildi í gagnareit, með flagginu „trúnaðargildi“.
3. Merkja skal alla gagnareiti sem hafa óáreiðanlegt tölugildi í gagnareitum með flagginu „óáreiðanlegt“.
4. Skýringartexti skal fylgja hverjum gagnareit sem merktur er með a.m.k. einu af flöggunum „óáreiðanlegt“, „endurskoðað eftir fyrstu gagnasendingu“ eða „sjá meðfylgjandi upplýsingar“.

6. gr.

Lýsigögn um efnisþætti

Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) í té lýsigögn um efnisþætti, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Áætlun um tölfraeðileg gögn (ofurteningar) fyrir viðmiðunarárið 2021

Númer	Samtals	Sundurliðun							
	Flokkur 1 Heildarmannfjöldi	GEO.N.	SEX.	AGE.H.	LMS.H.	HST.H.	FST.H.		
1.1		GEO.N.	SEX.	AGE.H.	LMS.H.				
1.2		GEO.N.	SEX.	AGE.H.		HST.H.			
1.3		GEO.N.	SEX.	AGE.H.			FST.H.		
1.4		GEO.N.	SEX.		LMS.H.	HST.H.			
	Flokkur 2 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	HST.H.	FST.H.	HAR.	LOC.
2.1		GEO.M.	SEX.	AGE.L.	LMS.L.		FST.H.		
2.2		GEO.M.	SEX.	AGE.L.		HST.H.		HAR.	
2.3		GEO.M.	SEX.	AGE.M.				HAR.	LOC.
	Flokkur 3 Heildarmannfjöldi	GEO.H.	SEX.	AGE.M.	HST.M.	LMS.L.			
3.1		GEO.H.	SEX.	AGE.M.					
3.2		GEO.H.	SEX.		HST.M.				
3.3		GEO.H.	SEX.			LMS.L.			
	Flokkur 4 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.H.	CAS.H.	OCC.	EDU.		
4.1		GEO.L.	SEX.	AGE.H.	CAS.H.				
4.2		GEO.L.	SEX.	AGE.H.		OCC.			
4.3		GEO.L.	SEX.	AGE.H.			EDU.		
	Flokkur 5 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.	IND.L.	SIE.	EDU.	
5.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.	IND.L.			
5.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.		SIE.		
5.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.			EDU.	
5.4		GEO.L.	SEX.	AGE.L.			SIE.	EDU.	
5.5		GEO.N.	SEX.		OCC.	IND.L.		EDU.	
5.6		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		IND.L.	SIE.		
5.7		GEO.L.	SEX.	AGE.L.		IND.L.		EDU.	
	Flokkur 6 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.	OCC.	IND.L.	SIE.	EDU.
6.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.	OCC.			
6.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.				EDU.
6.3		GEO.L.	SEX.		LPW.N.		IND.L.	SIE.	

Númer	Samtals	Sundurliðun							
	Flokkur 7 Heildarmannfjöldi	GEO.N.	SEX.	AGE.M.	LPW.L.	IND.L.	SIE.		
7.1		GEO.N.	SEX.	AGE.M.	LPW.L.	IND.L.			
7.2		GEO.N.	SEX.	AGE.M.	LPW.L.		SIE.		
	Flokkur 8 Heildarmannfjöldi	GEO.H.	SEX.	COC.L.	POB.L.				
8.1		GEO.H.	SEX.	COC.L.					
8.2		GEO.H.	SEX.		POB.L.				
	Flokkur 9 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	COC.L.	POB.H.	YAE.H.		
9.1		GEO.N.	SEX.	AGE.M.	COC.L.	POB.H.			
9.2		GEO.M.	SEX.	AGE.M.			YAE.H.		
9.3		GEO.M.	SEX.	AGE.M.		POB.H.			
9.4		GEO.M.	SEX.			POB.H.	YAE.H.		
	Flokkur 10 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	CAS.L.	COC.L.	POB.L.	YAT.	
10.1		GEO.M.	SEX.	AGE.M.		COC.L.		YAT.	
10.2		GEO.M.	SEX.	AGE.M.			POB.L.	YAT.	
10.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.L.	COC.L.		YAT.	
	Flokkur 11 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	COC.H.	YAE.L.			
11.1		GEO.M.	SEX.	AGE.M.	COC.H.				
11.2		GEO.M.	SEX.		COC.H.	YAE.L.			
	Flokkur 12 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	COC.M.	POB.M.	YAE.L.	SIE.	ROY.
12.1		GEO.M.	SEX.	AGE.M.			YAE.L.		ROY.
12.2		GEO.M.	SEX.	AGE.M.		POB.M.			ROY.
12.3		GEO.L.	SEX.		COC.M.	POB.M.			ROY.
12.4		GEO.L.	SEX.	AGE.M.				SIE.	ROY.
	Flokkur 13 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	COC.M.	POB.M.	YAE.H.	ROY.	HAR.
13.1		GEO.L.	SEX.			POB.M.	YAE.H.		HAR.
13.2		GEO.M.	SEX.	AGE.M.				ROY.	HAR.
13.3		GEO.M.		AGE.M.		POB.M.			HAR.
13.4		GEO.M.		AGE.M.	COC.M.				HAR.
13.5		GEO.L.			COC.M.	POB.M.	YAE.H.		

Númer	Samtals	Sundurliðun								
	Flokkur 14 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.H.	COC.L.	POB.L.	YAE.L.	ROY.	HAR.
14.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.H.	COC.L.				
14.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.H.		POB.L.			
14.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.H.			YAE.L.		
14.4		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.H.				ROY.	
14.5		GEO.L.	SEX.	AGE.L.	CAS.L.				ROY.	HAR.
	Flokkur 15 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.L.	EDU.	COC.L.	POB.L.	YAE.H.	
15.1		GEO.L.	SEX.	AGE.L.	CAS.L.	EDU.		POB.L.		
15.2		GEO.L.	SEX.		CAS.L.	EDU.			YAE.H.	
15.3		GEO.L.	SEX.		CAS.L.		COC.L.		YAE.H.	
15.4		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	CAS.L.		COC.L.	POB.L.		
	Flokkur 16 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.	COC.L.	POB.L.	YAE.L.	ROY.	
16.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.	COC.L.				
16.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.		POB.L.			
16.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.			YAE.L.		
16.4		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	OCC.				ROY.	
16.5		GEO.L.	SEX.		OCC.		POB.L.	YAE.L.		
	Flokkur 17 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	IND.H.	COC.L.	YAE.L.	ROY.		
17.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	IND.H.	COC.L.				
17.2		GEO.N.	SEX.	AGE.M.	IND.H.		YAE.L.			
17.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	IND.H.			ROY.		
	Flokkur 18 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	IND.H.	SIE.	EDU.	COC.L.	POB.L.		
18.1		GEO.L.	SEX.	IND.H.	SIE.			POB.L.		
18.2		GEO.L.	SEX.	IND.H.		EDU.		POB.L.		
18.3		GEO.L.	SEX.	IND.L.			COC.L.	POB.L.		
	Flokkur 19 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	EDU.	POB.L.	YAE.H.			
19.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	EDU.	POB.L.				
19.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	EDU.		YAE.L.			
19.3		GEO.L.	SEX.		EDU.	POB.L.	YAE.H.			
	Flokkur 20 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.	COC.L.	POB.L.			
20.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.	COC.L.				
20.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LPW.N.		POB.L.			

Númer	Samtals	Sundurliðun							
	Flokkur 21 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	FST.M.	HST.H.	CAS.H.	EDU.
21.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.			CAS.H.	
21.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.				EDU.
21.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		FST.M.		CAS.H.	
21.4		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		FST.M.			EDU.
21.5		GEO.L.	SEX.	AGE.M.			HST.H.	CAS.H.	
	Flokkur 22 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	HST.H.	EDU.	SIE.		
22.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	HST.H.	EDU.			
22.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	HST.H.		SIE.		
	Flokkur 23 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.	HST.L.	CAS.L.	EDU.	
23.1		GEO.N.	SEX.	AGE.M.		HST.L.	CAS.L.	EDU.	
23.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.		CAS.L.	EDU.	
	Flokkur 24 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	FST.L.	HST.M.	CAS.L.	
24.1		GEO.N.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	FST.L.		CAS.L.	
24.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.		HST.M.	CAS.L.	
	Flokkur 25 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	HST.M.	COC.L.	POB.L.	
25.1		GEO.M.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.			POB.L.	
25.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	HST.M.	COC.L.		
25.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	HST.M.		POB.L.	
	Flokkur 26 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.M.	FST.L.	HST.M.	COC.L.	POB.L.	
26.1		GEO.M.	SEX.	AGE.M.	FST.L.		COC.L.		
26.2		GEO.M.	SEX.	AGE.M.		HST.M.		POB.L.	
26.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		HST.M.	COC.L.	POB.L.	
	Flokkur 27 Heildarmannfjöldi	GEO.M.	SEX.	AGE.L.	FST.M.	HST.M.	YAE.L.		
27.1		GEO.M.	SEX.	AGE.L.	FST.M.		YAE.L.		
27.2		GEO.M.	SEX.	AGE.L.		HST.M.	YAE.L.		
	Flokkur 28 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.M.	HST.M.	ROY.		
28.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.M.		ROY.		
28.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		HST.M.	ROY.		

Númer	Samtals	Sundurliðun							
	Flokkur 29 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	FST.L.	HST.M.	CAS.L.	POB.L.
29.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.			CAS.L.	POB.L.
29.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		FST.L.		CAS.L.	POB.L.
29.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.			HST.M.	CAS.L.	POB.L.
	Flokkur 30 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.	FST.L.	HST.M.	CAS.L.	COCL.
30.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	LMS.L.			CAS.L.	COCL.
30.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		FST.L.		CAS.L.	COCL.
30.3		GEO.L.	SEX.	AGE.M.			HST.M.	CAS.L.	COCL.
	Flokkur 31 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.	HST.M.	SIE.	EDU.	POB.L.
31.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		HST.M.	SIE.		POB.L.
31.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.		SIE.		POB.L.
31.3		GEO.L.	SEX.			HST.M.		EDU.	POB.L.
	Flokkur 32 Heildarmannfjöldi	GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.	HST.M.	SIE.	EDU.	COCL.
32.1		GEO.L.	SEX.	AGE.M.		HST.M.	SIE.		COCL.
32.2		GEO.L.	SEX.	AGE.M.	FST.L.		SIE.		COCL.
32.3		GEO.L.	SEX.			HST.M.		EDU.	COCL.
	Flokkur 33 Fjöldi allra einkaheimila	GEO.M.	TPH.H.	SPH.	TSH.				
33.1		GEO.M.	TPH.H.	SPH.	TSH.				
	Flokkur 34 Fjöldi allra fjölskyldna	GEO.M.	TFN.H.	SFN.					
34.1		GEO.M.	TFN.H.	SFN.					
	Flokkur 35 Fjöldi allra einkaheimila	GEO.H.	TPH.L.	SPH.					
35.1		GEO.H.	TPH.L.						
35.2		GEO.H.		SPH.					
	Flokkur 36 Fjöldi allra fjölskyldna	GEO.H.	TFN.L.	SFN.					
36.1		GEO.H.	TFN.L.						
36.2		GEO.H.		SFN.					

Númer	Samtals	Sundurliðun					
37.1	Flokkur 37 Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis	GEO.M.	TOB.	OCS.	POC.		
		GEO.M.	TOB.	OCS.	POC.		
38.1	Flokkur 38 Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis	GEO.H.	TOB.	OCS.			
		GEO.H.	TOB.	OCS.			
39.1 39.2 39.3	Flokkur 39 Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.M.	TOB.	(UFS. eða NOR)	(DFS. eða DRM)	OWS.	NOC.
		GEO.L.	TOB.			OWS.	NOC.
		GEO.M.	TOB.	(UFS. eða NOR)			NOC.
40.1 40.2 40.3 40.4	Flokkur 40 Fjöldi alls hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun	GEO.L.	WSS.	TOI.	BAT.	TOH.	
		GEO.L.	WSS.				
		GEO.L.		TOI.			
		GEO.L.			BAT.		
41.1	Flokkur 41 Fjöldi allra vistarvera	GEO.H.	TLQ.				
		GEO.H.	TLQ.				

II. VIÐAUKI

Lýsigögn um efnisþætti sem um getur í 6. grein

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) lýsigögn á textaformi um skilgreiningarnar er varða efnisþætti talningarinnar.

Fyrir hvern efnisþátt skulu lýsigögnin:

- nefna gagnagjafana sem notaðir eru við að tilgreina hagskýrslugögnin fyrir þann efnisþátt,
- tilgreina aðferðafræðina sem notuð er til að meta gögn um efnisþáttinn,
- tilgreina ástæðurnar fyrir einstaka óáreiðanleika gagna um efnisþáttinn.

Að auki skulu aðildarríki leggja fram eftirfarandi lýsigögn:

Vanalegur búsetustaður

Í lýsigögnunum skal koma fram á hvaða hátt skilgreiningu í d-lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 763/2008 á hugtakinu „föst búseta“ hefur verið beitt, einkum að hvaða marki greint hefur verið frá löglegri eða skráðri búsetu í stað fastrar búsetu skv. 12 mánaða viðmiðuninni, ásamt skýrri skilgreiningu á því hugtaki sem samþykkt var fyrir íbúa með fasta búsetu.

Í lýsigögnunum skal greint frá því ef nemar á háskólastigi, sem hafa annað heimilisfang yfir námstímann en lögheimili fjölskyldunnar, eru taldir hafa fasta búsetu á lögheimilinu.

Í lýsigögnunum skal greint frá öllum tilvikum þar sem landið beitir sérreglum um „sérstök tilvik“ sem skráðar eru í tækniforskriftunum að efnisþættinum „fastur búsetustaður“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (EB) 2017/543.

Heimilislausir

Gögn um heildarmannfjölda skulu ná yfir alla heimilislauða einstaklinga (einstaklinga sem eru á götunni án skýlis) og alla sem eru tímabundið heimilislausir (einstaklinga sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæði í annað).

Í lýsigögnunum skal greint frá fjölda allra heimilislauða. Sýna skal fjölda allra heimilislauða einstaklinga (einstaklinga sem eru á götunni án skýlis) og þeirra sem eru tímabundið heimilislausir (einstaklinga sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæði í annað) þegar hægt er að gera þennan greinarmun.

Gefa skal lýsingu á aðferðafræðinni og gagnalindum sem notaðar eru til að taka saman gögnin um heimilislauða.

Lögleg hjúskaparstaða/samvist

Í lýsigögnunum skal greint frá viðkomandi lagagrundvelli í aðildarríkinu sem snýr að hjónabandi einstaklinga af gagnstæðu kyni og einstaklinga af sama kyni, lágmarkshjónabandsaldri, staðfestri samvist einstaklinga af gagnstæðu kyni og einstaklinga af sama kyni, og möguleikanum á skilnaði eða skilnaði að borði og sæng.

Efnahagslegir efnisþættir

Í lýsigögnunum skal greint frá öllum tilvikum þar sem landið beitir reglunum sem skráðar eru í tækniforskriftunum að efnisþættinum „núverandi atvinnustaða“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/543. Í lýsigögnunum skal greint frá hvort gögn um núverandi atvinnustöðu séu byggð á skrá og, ef svo er, viðeigandi skilgreiningum sem notaðar eru í þeirri skrá.

Í lýsigögnunum skal greint frá landsbundnum lágmarksaldri til atvinnustarfsemi í því landi og viðeigandi lagagrundvelli.

Staðfesti manntal í aðildarríki að einstaklingar vinni fleira en eitt starf skulu lýsigögnin lýsa aðferðinni sem notuð er til að ákveða aðalstarf þeirra (t.d. á grundvelli vinnutíma eða á grundvelli tekna).

Í lýsigögnunum skal greint frá öllum tilvikum þar sem landið vikir frá reglunum sem skráðar eru í tækniforskriftunum að efnisþættinum „staða á vinnumarkaði“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/543. Finni manntal í aðildarríki einstaklinga, sem eru hvort tveggja vinnuveitandi og launþegi, skal í lýsigögnunum skýra frá aðferðinni sem notuð er til að ákveða í hvorn flokkinn þeir falla.

Fæðingarland/-staður

Fyrir manntöl þar sem engar eða ófullnægjandi upplýsingar eru fáanlegar um fæðingarland, samkvæmt alþjóðlegum landamærum sem í gildi voru þegar manntalið var tekið, skal í lýsigögnum skýra frá aðferðinni sem notuð er til að ákveða í hvaða flokk sundurliðunar í efnisþættinum „fæðingarland/-staður“ einstaklingar skuli falla.

Í lýsigögnum skal greina frá ef upplýsingar um sjálfan fæðingarstaðinn komu í staðinn fyrir vanalegan búsetustað móður við fæðingu.

Ríkisfang

Í lýsigögnum skal veita viðeigandi upplýsingar fyrir lönd þar sem hluti íbúanna eru „viðurkenndir utanríkisborgarar“ (þ.e. einstaklingar sem eru hvorki ríkisborgarar í einhverju landi né ríkisfangslausir og hafa einhver en ekki öll réttindi og skyldur sem tengjast ríkisborgarétti).

Vanalegur búsetustaður einu ári fyrir manntal

Sé í manntali í aðildarríki safnað upplýsingum um efnisþáttinn „fyrrri fastur búsetustaður og komudagsetning á núverandi stað“, skal í lýsigögnum greina frá þeim aðferðum sem notaðar eru til að skrá fastan búsetustað einu ári fyrir manntalið.

Efnisþættir heimilis og fjölskyldu

Í lýsigögnum skal tekið fram hvort í manntali í aðildarríki er notað hugtakið „heimilishald“ eða „heimilisíbúð“ til að skilgreina einkaheimili. Í lýsigögnum skal gerð grein fyrir aðferðinni sem notuð er til að ákvarða heimili og fjölskyldur.

Í lýsigögnum skal gerð grein fyrir því hvernig vensl milli heimilismanna eru skilgreind (t.d. venslatafla; tengsl við viðmiðunareinstakling). Greina skal frá, ef gögn þessi eru fengin úr stjórnsýsluskrá, hvort upplýsingar um vensl milli heimilisfólks og fjölskyldumeðlima séu skráðar og sóttar beint í stjórnsýsluheimild(ir) eða hvort þessar upplýsingar séu byggðar á hagskýrslulíkani.

Eignarhaldsform

Í lýsigögnunum skal útskýra og gefa dæmi um eignarhaldstegundir samkvæmt innlendum eignarétti eða hefðum sem hafa verið flokkaðar samkvæmt „Íbúðir með annars konar eignarhaldi“.

Nýtanlegur gólfloður og/eða fjöldi herbergja í íbúð, þéttleiki

Í lýsigögnum skal gerð grein fyrir notkun annaðhvort hugtaksins „nýtanlegur gólfloður“ eða „fjöldi herbergja“ eftir því sem við á, sem og þeirri skilgreiningu sem notuð var á samsvarandi mælingu á þéttleikanum.